

25. apríl 2022

MINNISBLAÐ

Staðan í fjöllum:

Frá síðasta fundi 18. febrúar sl. hefur staðan í fjöllum verið almennt frekar slök vegna veðurs. Í stuttu máli má segja að veturinn hafi valdið nokkrum vonbrigðum þar sem snjómagn var verulegt, langtum meira en í meðal ári, en lægðagangur var mun meiri og þ.a.l. mikið lokað. Opunarhlutfall vetrarins framan af var 35% en svo kom aprílmánuður nokkuð sterkur inn og hefur fært hlutfallið uppí 50%. Það hinsvegar einkennir aprílmánuð almennt er að þá eru oftast færri gestir þr dag fyrir utan páskana. Páskarnir voru veruleg vonbrigði, fengum aðeins 1 opunardag af 5 páskadögum sökum veðurs. Almennt er opunarhlutfall hvers vetrar 50-55%.

Veðrið í febrúar og mars var afleitt heilt yfir. Skíðasvæðið kannski lokað í viku, svo kom veðurgluggi fyrir 1-2 opunardaga. Allt sett í laggirnar til að opna, snjótroðarar að vinna 24-36 klst. Svo náðust kannski 1-2 dagar í opnun og aftur lokað. Svona rúllaði veturinn nokkuð oft sem veldur ótrúlega mörgum hnökrum í svona rekstri. T.d. er erfiðara að halda í aukastarfsfólk þegar maður getur ekki boðið þeim nokkuð jafna vinnu. Kostnaður þr opunardag er mun miklu meiri en ef allt gengur í nokkurskonar stöðugleika og föstum skorðum. Það tekur kúnnann líka oft nokkra opunardaga að átta sig á að það sé opið og því að ná upp almennilegri aðsókn.

En þetta er Ísland og við þetta búum við 😊.

Skálafell datt út um páskana. Við sáum fram á að það yrði opið í Skálafelli á páskadag en þá kom í ljós að það voru komin of mikil skörð í skíðaleiðir að snjótroðarar myndu ná að dekkja götin. Þar með var Skálafell dottið út.

Með fleiri snjógirðingum í Skálafelli eru minni líkur á svona löguðu.

Fyrsta skíðaskotfímimótið á suðvesturhorni Íslands var haldið í Skálafelli sl. laugardag. Allt gekk vel og mér skilst að mótshaldarar hafi verið mjög ánægðir.

Þessa dagana er þetta að fjara út hjá okkur. Allar lyftur í Bláfjöllum nema Tvíburar, Kóngurinn og byrjendalyftur eru döttin út. Aðsókn er mjög að minnka og óvíst er hvort opið verði um næstu helgi en formlega erum við opin til 30 apríl. Aðsókn í gær, sunnudaginn 24/04 var 145 manns, bæði í brekkum og á göngusvæði. Nokkrir grunnskólar eru á dagskrá í vikunni en fróðlegt verður að sjá hvort almenningur mæti. Skíðaæfingar verða keyrðar eins langt inní maí og mögulegt er.

Að lokum eru hér aðsóknartölur í ár borið saman við 3 ár aftur í tímann.

Aðsókn						
Ár	Dags	Opnunardagar Bláfjöll	Gestafjöldi	Þar af gönguskíði	Opnunardagar Skálafell	Gestafjöldi
2019	24 apríl	40	61.297		19	4.935
2020	24 apríl	51	70.882		24	8.594
2021	24 apríl	45	29.613		0	0
2022	24 apríl	53	68.540	4.345	13	8.221

Virðingarfyllt,

Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins